

Borholur í Suðurfjarðarhreppi (4606)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/041

Nóvember 2013

Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um borholur í Suðurfjarðarhreppi hinum forna og á Bíldudal. Taldar eru upp allar holur sem skráðar eru (25 að tölu) en að sinni verða undanskildar holur RN-02 til RN-11 í Reykjarfirði en þær þarf að kanna betur – margar þeirra sást ekki lengur og ekki vitað nákvæmlega hvar þær voru. Ekki var leitað að þeim holum sem skráðar eru sem mannvirkjaholur. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og á 1. og 2. mynd eru staðsetningar holnanna sýndar.


1. tafla. Upplýsingar um borholur í Suðurfjarðarhreppi og Bíldudal.

Staðar-númer	Borhola	Lögbýli	Dýpi m	Borár	N-hnit	V-hnit
36561	AH-01	Auði-Hrísdalur	?	?	65° 42.154	23° 37.467
37701	BD-01	Hóll	12,5	1967		
37702	BD-02	Hóll	132	1987	65° 41.194	23° 36.180
37721	BDG-01	Hóll	15,3	2004		
37722	BDG-02	Hóll	17,2	2004		
37731	BDT-01	Hóll	23,1	2004		
37732	BDT-02	Hóll	27,1	2004		
37733	BDT-03	Hóll	30	2004		
37711	OD-01	Otradalur	102	1978	65° 38.743	23° 36.356
37712	OD-02	Otradalur	130	1987	65° 39.672	23° 34.306
37713	OD-03	Otradalur	352	1988	65° 40.785	23° 34.280
36531	DD-01	Dufansdalur	79	2006	65° 37.013	23° 35.574
36532	DD-02	Dufansdalur	79	2006	65° 37.019	23° 35.640
36181	RN-01	Reykjarfjörður	21	2000	65° 37.328	23° 27.921
36182	RN-02	Reykjarfjörður	21	2000		

36183	RN-03	Reykjarfjörður	10	2000		
36184	RN-04	Reykjarfjörður	10	2000		
36185	RN-05	Reykjarfjörður	10	2000		
36186	RN-06	Reykjarfjörður	21	2000		
36187	RN-07	Reykjarfjörður	21	2000		
36188	RN-08	Reykjarfjörður	4	2000		
36189	RN-09	Reykjarfjörður	127	2001		
36190	RN-10	Reykjarfjörður	46	2001		
36191	RN-11	Reykjarfjörður	64	2001		
36192	RN-12	Reykjarfjörður	157	2011	65° 37.327	23° 27.926



1. mynd. Staðsetning borholna í Suðurfjarðarhreppi og á Bıldudal.



2. mynd. Staðsetning borholna í Dufansdal.

AD-01 - Auði-Hrísdalur

Borhola AD-01 í Auða-Hrísdal er um 300 metra innan við ána sem rennur eftir dalnum. Hún er við vegslóða upp að gamla bæjarstæðinu. Þar er plan og í því er holan. Hún er opin og streymir úr henni kalt vatn. Holan er að öðru leyti í sæmilegu ástandi (3. mynd).



3. mynd. Borhola AH-01 í Auða-Hrísdal.

BD-02 - Bíldudalur

Borhola BD-02 er ofarlega í skrudgarði sem er innan við Búðargil í utanverðu þorpinu á Bíldudal. Holan er lokuð og í þokkalegu ástandi (4. mynd).



4. mynd. Borhola BD-02.

OD-01 - Otradalur

Borhola OD-01 er 2,8 km inn með Otradalsá. Hún er á norðurbakka árinna. Holan er lokuð en þó streymir úr henni gegnum mjótt rör. Holan er í góðu ástandi (5. mynd).



5. mynd. Borhola OD-01.

OD-02 - Otradalur

Borhola OD-02 er um 400 metra suðvestur af bænum og er þar á lágu melholti. Holan er lokuð og í þökkalegu ástandi (6. mynd).



6. mynd. Borhola OD-02 . Otradalsbærinn í baksýn.

OD-03 - Otradalur

Borhola OD-03 er innanhallt á svonefndu Haganesi. Hún er í efnisnámu og er lokuð. Ekki er til mynd af holunni.

DD-01 - Dufansdalur

Borhola DD-01 er í svonefndri Leitismýri sem er milli sumarbústaða sem eru nokkru fyrir innan sjálf bæjarhúsin. Akvegur er að mýrinni og fram dalinn. Holan sést ekki lengur (7. mynd).



7. mynd. Borhola DD-01 var þar sem örin vísar.

DD-02 - Dufansdalur

Borhola DD-02 er um 50 metrum vestar og ofar í Leitismýri. Hún sést mjög illa. Holan er opin og í slæmu ásigkomulagi (8. mynd).



8. mynd. Borhola DD-02.

RN-01 - Reykjarfjörður


Borhola RN-01 er um 90 metra innar en sundlaugin. Hún er upp í hallinum milli gamla íbúðarhússins og sumarhúsa sem eru innar. Holan er í þokkalegu ástandi og vatn frá henni er leitt í sumarhúsið. Rétt hjá henni er önnur sem ekki er vitað um númerið á (9. mynd).



9. mynd. Borhola RN-01 er til hægri en ekki vitað hver er til vinstri.

RN-12 - Reykjarfjörður

Borhola RN-12 er um 5-6 metrum neðar en borhola RN-01. Hún er í góðu ástandi og vatni frá henni er veitt í sumarhús sem standa innar í dalnum (10. og 11. mynd).



10. mynd. Borholur RN-01 og RN-12.



11. mynd. Borhola RN-12.